



ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS DALABYGGÐAR

Skipulags- og matslýsing

Til kynningar í mars 2020



ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS DALABYGGÐAR 2004-2016

Skipulags- og matslýsing

Skipulagslýsing

Skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Matslýsing

Skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	i
1 Inngangur	3
1.1 Tildrög endurskoðunar	3
1.2 Tilgangur og markmið verkefnisins.....	3
2 Dalabyggð – staða og gildandi stefna	4
2.1 Greining á forsendum	4
2.2 Yfirlit yfir stöðu og þróun málaflokka	5
2.2.1 Samfélag.....	5
2.2.2 Náttúra og landslag	7
2.2.3 Atvinnuþróun og þjónusta	9
2.2.4 Félags- og velferðarmál.....	11
2.2.5 Menning.....	12
2.2.6 Útivist.....	14
3 Viðfangsefni og áherslur við endurskoðun	15
3.1 Afmörkun aðalskipulags.....	15
3.2 Aðalskipulag og sjálfbær þróun.....	15
3.3 Virði skýrrar stefnu	16
3.4 Helstu viðfangsefni og sérstakar áherslur sveitarstjórnar	16
3.5 Stefna gildandi aðalskipulags Dalabyggðar	17
4 Skipulagsferlið	18
4.1 Tímaáætlun verkefnis	18
4.2 Ferlið við gerð aðalskipulagsins.....	18
4.3 Áætlun um kynningu og samráð	20
5 Ábyrgðar- og samráðsaðilar við gerð aðalskipulags.....	23
5.1 Sveitarstjórn og umhverfis- og skipulagsnefnd.....	23
5.2 Verkefnisstjórn	23
5.3 Samvinna við íbúa og hagsmunaaðila.....	23
5.4 Umsagnaraðilar	24
5.5 Upplýsingar til annarra aðila um skipulagsgerðina	24

6	Umhverfismat aðalskipulagsins.....	25
6.1	Matsskylda áætlunarinnar	25
6.2	Umhverfisþættir og áhrifaþættir.....	25
6.3	Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati	27
6.4	Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna	30
6.5	Stefnukostir.....	31
7	Tengsl við aðrar áætlanir.....	32
7.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	32
7.2	Aðrar áætlanir stjórnvalda á landsvísu	32
7.3	Svæðisskipulag	33
7.4	Svæðisáætlanir á Vesturlandi.....	33
	Tilvitnanir og heimildir	36

1 Inngangur

Hér er sett fram skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Verkefnið er unnið á grundvelli skipulagslaga og laga um umhverfismat áætlana. Í skjalinu er lýst hvernig staðið verður að gerð aðalskipulagsins með það að markmiði að gefa íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við skipulagsgerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur. Einnig að upplýsa þá um hvar og hvernig tækifæri gefist til þátttöku í vinnuferlinu.

1.1 Tildrög endurskoðunar

Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016 tók gildi árið 2009 og frá þeim tíma hafa tekið gildi ný skipulagslög nr. 123/2010 og ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar taldi þörf á að uppfæra aðalskipulagið með hliðsjón af nýrri löggjöf, hvað varðar framsetningu og efnistöku og með tilliti til breyttra forsendna. Nefndin lagði til við sveitarstjórn á fundi sínum þann 5. júlí 2018 að hefja vinnu að nýju aðalskipulagi Dalabyggðar og samþykkti sveitarstjórn bókun umhverfis- og skipulagsnefndar þann 12. júlí 2018.

1.2 Tilgangur og markmið verkefnisins

Tilgangurinn með endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar er að aðlag skipulagið að breyttum forsendum og skapa heildstæða umgjörð svo hægt verði að takast á við nýjar og krefjandi áskoranir. Með því að marka skýra og raunhæfa stefnu sveitarstjórnar um skipulagsmál skapast vettvangur samvinnu og sáttar við íbúa og hagsmunaaðila gagnvart viðfangsefnum eins og samfélagi, náttúru og landslagi, atvinnuþróun og þjónustu, félags- og velferðarmálum, menningu og útivist.

Hvað er aðalskipulag

Aðalskipulag er **skipulagsáætlun** fyrir eitt sveitarfélag sem stýrir því hvar og hvernig við búum og störfum.

Í aðalskipulagi kemur fram *stefna* sveitarstjórnar um **landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál** í sveitarfélaginu. Þar ber sveitarfélögum að setja fram stefnu og ákvarðanir sveitarstjórnar um **framtiðarnotkun** lands og **fyrirkomulag** byggðar.

Aðalskipulag markar stefnu til **a.m.k. tólf ára** og gerir grein fyrir **samhengi** skipulagsáætlunarinnar og einstakra þátta hennar við langtímaþróun sveitarfélagsins.

Aðalskipulag er sett fram í **skipulagsgreinargerð** og á **skipulagsupprætti** og eftir atvikum á **þemauppráttum**.

Sjá nánar á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

2 Dalabyggð – staða og gildandi stefna

Í kaflanum er gerð grein fyrir hvernig staðið verður að greiningu forsendna og yfirlit yfir lykilmælikvarða fyrir skipulagsgerðina og fyrirbyggjandi stefnu sveitarfélagsins og stjórnvalda á landsvísu um landnotkun.

2.1 Greining á forsendum

Í upphafi vinnunnar er farið nánar yfir forsendur aðalskipulagsins og metið hvort þær hafi breyst. Einnig er metin reynslan af framfylgd gildandi aðalskipulags. Við greiningu forsendna er m.a. litið til eftirfarandi:

- **Hafa efnahagslegar og samfélagslegar forsendur breyst?** Litið er til lýðfræðilegra þátta, svo sem íbúabróunar og aldursdreifingar, en einnig til stöðu atvinnulífs.
- **Hvernig hefur almennt gengið að framfylgja aðalskipulaginu?** Reynslan af framfylgd aðalskipulagsins er metin, svo sem hvort það hafi reynst vera góð leiðsögn fyrir gerð deiliskipulags.
- **Hvaða áskoranir blasa við og hvernig á að takast á við þær?** Í loftlagsmálum eru augljósar áskoranir sem fjallað er um í aðalskipulaginu. Auk þess er tekið tillit til staðbundinna málefna, að skipulagið stuðli að lífsgæðum fólks, heilnæmu umhverfi og góðum skilyrðum til búsetu.
- **Hvernig samræmist aðalskipulagið öðrum áætlunum á lands- og svæðisvísu?** Helstu áætlanir og stefnuskjöl eru tilgreind í kafla 7.

Auk greiningar á forsendum, eru metnir helstu stefnukostir sem koma til álita í aðalskipulagi til að gefa yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar. Sjá nánar í kafla 6.5.



Séð út Breiðafjörð.

2.2 Yfirlit yfir stöðu og þróun málaflokka

Í kaflanum er stutt yfirlit yfir stöðu og þróun megin málaflokka aðalskipulags Dalabyggðar og nefnd dæmi um gildandi stefnu sveitarfélagsins og á landsvísu.

2.2.1 Samfélag

Íbúar

Margvíslegar upplýsingar um íbúa í Dalabyggð er að finna í gagnagrunni Hagstofu Íslands, m.a. um fjölda og samsetningu. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar bjuggu 640 íbúar í sveitarfélaginu í lok árs 2019 (í lok fjórða ársfjórðungs), en 694 bjuggu í sveitarfélaginu 1. janúar 2010. Um aldamótin, þ.e. í janúar 2000 voru íbúarnir 775. Á undanförunum fimm árum hefur fjöldi íbúa verið nokkuð stöðugur, þ.e. óveruleg fjölgun eða fækkun milli einstakra ára. Á síðasta ári fækkaði þó um 33 íbúa. Íbúar í þéttbýlinu í Búðardal voru 255 þann 1. janúar 2010, en 269 1. janúar 2019 (nýrri tölur liggja ekki fyrir).

Þróun byggðar

Sveitarfélagið Dalabyggð varð fyrst til við sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalshrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps, Fellsstrandarhrepps og Skarðshrepps árið 1994 og 1998 sameinuðust Skógarstrandarhreppur og Dalabyggð. Saurbæjarhreppur og Dalabyggð sameinuðust síðan árið 2006 og sveitarfélagið Dalabyggð nær nú yfir alla Dalasýslu og Skógarstrandarhrepp í Snæfellsnessýslu, þ.e. frá botni Álftafjarðar að Gilsfjarðarbotni.

Dalabyggð er landbúnaðarhérað en ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein. Búðardalur er eini þéttbýlisstaðurinn í Dalabyggð, en upphaf þéttbýlismyndunar þar má rekja allt aftur til aldamótanna 1900. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar varð talsverður vöxtur í þéttbýlinu eftir seinna stríð, einkum frá 1960 til 1990. Búðardalur vex upp sem verslunar-, stjórnsýslu- og þjónustukjarni fyrir sveitirnar í kring.

^a Einnig ritað „Brattabrekku“ í þf.

Innviðir

Í vegaskrá er yfirlit yfir helstu þjóðvegi í Dalabyggð. Vestfjarðavegur (60) er stofnvegur um Bröttubrekku^a, Búðardal, Svínadal og Gilsfjörð. Snæfellsnesvegur (54) er einnig stofnvegur frá Vestfjarðarvegi við Stórasóg, um Skógarströnd í Helgafellssveit. Tengivegir eru Klofningsvegur (590), Laxárdalsvegur (59), Heydalsvegur (55), Haukadalsvegur (586), Hálsbæjavegur (582), Steinadalsvegur (690). Auk þess eru tveir landsvegir, þ.e. kaflar af Haukadalsskarðsvegi (F586) og Steinadalsvegi (690). Héraðsvegir eru alls 94 samkvæmt vegaskrá. Bundið slitlag er á Vestfjarðarvegi (60), hluta af Laxárdalsvegi (59) og á stuttum köflum t.d. á Snæfellsnesvegi (54), Klofningsvegi (590) og Haukadalsvegi (586).¹



Hafnaraðstaða.

Samkvæmt vegmælingum Póst- og Fjarskiptastofnunar á 3G og 4G sambandi, er víðast hvar gott farsímasamband við stofn og tengivegi í sveitarfélaginu. Mælingarnar sýna þó að samband gæti rofnað á vegköflum, svo sem á Laxárdalsheiði, Vestfjarðavegi frá Miðdölum að Bröttubrekku og Fellsströnd. Greining stofnunarinnar á dreifikerfi símafélaganna (að gefnum ákveðnum forsendum) sýnir að 3G kerfið dekkar vel Dalabyggð og 4G kerfið nær vel til byggðarinnar, en síður til hæstu fjalla.² Full ástæða er til að greina nánar dreifingu 3G og 4G kerfa í Dalabyggð.

Í Dalabyggð er fjarskiptafélagið Dalaveitur ehf. sem sér um lagningu og rekstur ljósleiðarakerfis. Framkvæmdir hófust haustið 2017 og nú hafa verið virkjaðar tengingar í stærstum hluta sveitarfélagsins, úr suðri og vestur á Fellsströnd. Áætlað er að 2020 verði tengingar í Saurbæ Skarðsströnd virkjaðar.³

Náttúruvá og öryggi


Í aðalskipulagi er tekið tillit til náttúruvár, þ.e. hættu vegna ofanflóða, sjávar- og árflóða, jarðskjálfta og eldvirkni. Samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 ber að meta hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku.

Í gildandi aðalskipulagi er gerð grein fyrir stöðum þar sem þekkt er hætta vegna ofanflóða og sjávar- eða árflóða. Jafnframt kemur fram að Dalabyggð liggja utan helstu jarðskjálftasvæða og engin hætta sé talinn á eldvirkni.

Gildandi stefna

Í gildandi aðalskipulagi Dalabyggðar er áhersla á hagkvæma þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að taka frá byggingarland fyrir vöxt þéttbýlis. Í Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 er einnig stefna um byggð, samfélag og innviði. Landsskipulagsstefna 2015-2026 markar stefnu um skipulag í dreifbýli og þéttbýli og þar er m.a. áhersla á sjálfbæra byggð, heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðarþróun. Skipulag byggðar stuðli að samkeppnishæfni og poli samfélags

gegn samfélags- og umhverfisbreytingum. Einnig að skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.



Dalabyggð - sveitarfélagsmörk.

2.2.2 Náttúra og landslag

Landslag og staðhættir

Land í Dalabyggð einkennist mjög af rofi jökla. Landslagið er víða stórbrotið, einkum norðan til, við Gilsfjörð, Skarðsströnd og Fellsströnd að botni Hvammsfjarðar. Þar gnæfa há fjöll yfir byggðinni. Fyrir botni Hvammsfjarðar er flatlendi, lágur heiðar og dalir. Stórbrotnara landslag er inn til landsins er kemur suður til Haukadals, Miðdala og Hörðudals. Skógarströnd einkennist af ávölum formum, undirlendi við ströndina, lágum heiðum en fjallgörðum inn til landsins. Byggðin er almennt grösug og þar má einkum finna mólendi, votlendi, tún og einnig birkikjarr. Í fjalllendi er meira um mosagróður, mela og berar klappir.

Jarðfræði

Berggrunnur svæðisins er fyrst og fremst einsleitur stafli basaltlaga frá Tertíer tímabilinu. Megin bergtegundin er blágrýti (eldra en 3,3 milljón ára), en á afmörkuðum svæðum súrt gosberg. Í botni Gilsfjarðar og á Skarðsströnd eru hallamislægi, þykk setlög með surtarbrandi milli blágrýtislaganna.⁴ Um Dalabyggð liggur útkulnað gosbelti sem var síðast virkt fyrir um 6 milljónum ára, þ.e. Snæfellsnesrekbeltið, sem sveigir til austurs um Hvammsfjörð. Jarðlög á svæðinu halla inn að þessu forna gosbelti og eiga uppruna þar.⁵


Merkar jarðminjar eru á svæðinu og njóta þær verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og verndun Breiðafjarðar. Dæmi um það er bergtegundin anorthósíts, en helsti fundarstaður hennar á Íslandi er í Hrappsey.⁶

Vatnafar

Berggrunnur á svæðinu er gamalt og þétt blágrýti og erfitt getur reynst að vinna neysluvatn úr honum. Úrkoma sem fellur á svæðinu rennur því að mestu burtu á yfirborði, nema þar sem laus vatnsgeng jarðlög hylja fast berg.⁷

Veðurfar

Veðurathuganir í Dalabyggð hafa verið gerðar á Hamraendum í Miðdölum frá 1937-1999, Búðardal við Hvammsfjörð, óreglulega frá 1961-1990 og í Ásgarði frá 1992 en stöðin var gerð sjálfvirk árið 2003. Stöðin að Hamraendum var svokölluð veðurfarsstöð. Sjálfvirk veðurstöð hefur verið í Svinadal frá árinu 2002. Í Búðardal eru norðaustanátt algengasta vindáttin.⁸ Láglandið í Dalabyggð er í úrkomuvari fyrir úrkomuáttum og er því úrkoma víðast hvar minni en t.d. á sunnanverðu Snæfellsnesi.



Meðalúrkoma ársins 1971-2000.⁹

Jarðvegur

Jarðvegur í Dalabyggð er víðast hvar eldfjallajarðvegur eða sortujörð (brún-, svart- eða votjörð) samkvæmt jarðvegskorti Landbúnaðarháskóla Íslands.

Einnig mójörð (með háu hlutfalli lífrænna efna) og mela- eða malarjörð til fjalla.^{10, 11} Í Dölum er mesta magn af hvarfleir sem vitað er um héraendis og finnst leirinn víða í dalbotnum og sjávarbökkum.

Lífríki

Láglendi er almennt vel gróið, en dregur úr gróðri í bröttum fjallshlíðum og skriðum upp til fjalla. Mó- og graslendi með smágerðum gróðri er ríkjandi á láglendi. Tún eru við strendur og inn til dala. Votlendi er einkum að finna á Skarðsströnd, við Hvammsfjörð og í dölum upp frá honum. Á hæstu fjöllum er mosi eða lítt gróið land. Eyjar eru almennt grösugar og gróðurfur er fjölbreyttara á þeim eyjum sem eru nær landi. Í sveitarfélaginu eru sjálfstærir birkiskógar, alls 5.924ha samkvæmt gögnum Skógræktarinnar¹².


Fuglalíf við Breiðafjörð er fjölbreytt og er talið að 37 tegundir verpi reglulega í Breiðafjarðareyjum. Fimm tegundir til viðbótar hafa orpið þar en teljast ekki árvissir varpfuglar. Þá eru að auki nokkrar tegundir sem verpa við strandsvæði fjarðarins, þannig að þegar allt er talið lætur nærri að 50 tegundir verpi í eyjum og á strandsvæðum. Tvær fuglategundir á vólsta, haförn og þórshani, eru óvenju algengar á Breiðafirði.¹³

Selir eru mikilvægur hluti lífríkis svæðisins og landselur og útselur kæpa á skerjum um allan Breiðafjörð. Selveiðar eru hlunnindi sem fylgja jörðum við Breiðafjörð, en mikið hefur dregið úr því hin síðari ár.¹⁴

Loftslagsbreytingar

Loftslagsmál eru eitt af helstu áherslumálum ríkisstjórnar Íslands. Í *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030* hafa stjórnvöld skilgreint fjölmargar aðgerðir í málaflokknum, en tvö helstu áhersluatriðin eru orkuskipti í samgöngum og átak í kolefnisbindingu.¹⁵ Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur einnig ákveðið að vinna tillögu að viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu þar sem m.a. verður sett fram stefna og leiðbeiningar um hvernig bæta megi skipulagsgerð til að stuðla að og tryggja viðtækar og viðeigandi aðgerðir í loftslagsmálum í tengslum við landnýtingu og hið byggða umhverfi.¹⁶

Aðgerðir í skipulagsgerð geta m.a. falið í sér samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu gróðurhúsalofttegunda. Einnig aðgerðir til að bregðast við loftslagsbreytingum, svo sem vegna flóðahættu.



Yfirlit yfir friðlýst svæði, hverfisvernd, svæði og staði á náttúruminjaskrá og friðlýst æðarvarp í Dalabyggð.

Náttúruverndarsvæði

Breiðafjarðarsvæðið nýtur verndar skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Breiðafjarðarnefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna.

Í Dalabyggð eru svæði á náttúruminjasrá. Dæmi um það eru Saltadý í landi Hamra í Haukadall, Tungustapi í Sælingsdal, Steindórseyjar og Lambey á Hvammsfirði (ásamt dröngunum Karli og Kerlingu við Lambey), Hrapsey, Klakkeyjar og Rauðseyjar.¹⁷


Gildandi stefna

Í gildandi aðalskipulagi Dalabyggðar er áhersla á að varðveita náttúruminjar og önnur umhverfisgæði. Einnig er áhersla á vernd grunnvatns, gróðurvernd og landgræðslu og sjálfbæra nýtingu lands og auðlinda. *Landsskipulagsstefna 2015-2026* markar stefnu um skipulag í dreifbýli og þéttbýli og á haf- og strandsvæðum. Þar er m.a. áhersla á að skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og landslagi og öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftlagsbreytingum. *Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019* markar stefnu um að tryggja vernd náttúru- og menningarminja svæðisins.

2.2.3 Atvinnuþróun og þjónusta

Í gögnum Hagstofunnar eru ekki upplýsingar um fjölda starfa eftir starfsgreinum í Dalabyggð. Samkvæmt greiningu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, byggðri á íbúakönnun 2016, er landbúnaður (og skógrækt) ennþá stærsta atvinnugreinin.¹⁸

Opinber þjónusta, stjórnsýsla og fræðslustarfsemi hefur einnig talsvert vægi samkvæmt greiningu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.



Vægi atvinnugreina í Dölum (Dalabyggð) haustið 2016.¹⁹

Landbúnaður

Sauðfjár- og nautgriparækt og mjólkurframleiðsla eru ráðandi framleiðslugreinar í landbúnaði í Dalabyggð. Samkvæmt landeignaskrá Þjóðskrár Íslands voru 239 lögbyli í sveitarfélaginu árið 2018 og þar af eru 90 eyðibýli.²⁰ Í lok árs 2015 voru 16 kúabú²¹ og 96 sauðfjárbú²².

Auk hefðbundinnar landbúnaðarframleiðslu í Dalabyggð eru víða nýtt hlunnindi á sjó og landi. Auk þess er skógrækt vaxandi aukabúgrein í sveitarfélaginu, en árið 2016 voru 32 ábúendur með samning við Skógræktina um skógrækt²³.

Í Búðardal er mjólkurstöð með ostagerð, en auk þess er dæmi um heimaframleiðslu landbúnaðarafurða og sölu beint frá býli²⁴.

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins verður gerð úttekt og flokkun á landbúnaðarlandi með tilliti til framtíðarnýtingar og eftir atvikum vernd landbúnaðarlands.


Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er sú atvinnugrein á Íslandi sem hefur vaxið hvað mest á undanförunum árum. Mikil vakning hefur orðið innan ferðapjónustu á Vesturlandi undanfarin ár. Dalabyggð er rík af sögu, menningararfleifð og náttúru sem getur höfðað til ferðamanna. Unnið hefur verið að uppbyggingu áfangastaða sem líklegir eru til að draga að ferðamenn og dæmi um það eru Vínlandssetur í Búðardal, Eiríksstaðir í Haukadal og Ólafsdalur við Gilsfjörð.

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 markar stefnu um ferðapjónustu á svæðinu m.a. með áherslu á eflingu ferðapjónustu og vörubrúun og markaðssetningu. Einnig tengsl ferðapjónustu við aðrar atvinnugreinar. Ferðamálastofa, í samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands, hefur gefið út *Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2018 – 2020*, þar sem er greining á stöðu ferðapjónustu á Vesturlandi ásamt stefnu og aðgerðaráætlun fyrir tilgreinda áfangastaði eða svæði.

Upplýsingar um gistinætur í Dalabyggð liggja ekki fyrir. Ferðamálastofa hefur gert umfangsmiklar ferðavenjukannanir og á grunni þeirra áætlað fjölda ferðamanna á einstökum stöðum og svæðum. Samkvæmt því er áætlað að um 48% erlendra ferðamanna að sumarlagi hafi komið á Vesturland og rúmlega 13% í Búðardal/Dali árið 2017. Að vetrarlagi er áætlað að 29% erlendra ferðamanna hafi heimsótt Vesturland og tæplega 6% Búðardal/Dali.²⁵

Vestfjarðarstofa hefur undanfarin misseri unnið að undirbúningi þróunarverkefnisins Hringvegur 2. Verkefnið er unnið í samstarfi við sveitarfélögin á Vestfjörðum ásamt Dalabyggð. Markmiðið er að auka enn aðdráttarafli Vestfjarða fyrir ferðamenn, skilgreina styrkleika svæðisins og vinna með þá upplifun sem er að ferðast um náttúru Vestfjarða.²⁶ Hluti fyrirhugaðs Hringvegur 2 liggur um Dalabyggð.



Helstu viðkomustaðir ferðamanna í Dalabyggð samkvæmt Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030.²⁷

Orkuvinnsla og orkuflutningur

Í Dalabyggð eru ekki stórar vatnsafls- eða jarðvarmavirkjanir. Tvær heimarafstöðvar eru í notkun samkvæmt gögnum Orkustofnunar.²⁸

Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkuvera og m.a. er hafið skipulagsferli vegna breytingar á aðalskipulagi í tengslum við það.

Glerárskógalína 1, sem er 132 kV háspennulína, liggur frá Hrutatungu í Hrutafirði um Laxárdalsheiði að Glerárskógum og yfir í Gilsfjörð.²⁹ Dreifikerfi Rarik liggur um byggðina frá Saurbæ, um Skarðsströnd, Fellsströnd, Hvammssveit, Laxárdal, Haukadal, Miðdali og Skógarströnd. Hluti kerfisins er kominn í jörð, svo sem í Saurbæ og Staðarhólsdal, frá Hvammssveit og með ströndinni suður fyrir Búðadal, í Miðdölum og Hörðudal.³⁰ Dreifikerfi Orkubús Vestfjarða er auk þess í Gilsfirði, þ.e. í Ólafsdal og yfir fjörðinn og í botni fjarðarins.³¹

Verslun og þjónusta

Í Búðardal er fjölbreytt verslunar- og þjónustustarfsemi. Í gildandi aðalskipulagi er auk þess gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæðum á nokkrum stöðum í dreifbýlinu, einkum í tengslum við ferðaþjónustu.

Gildandi stefna

Í gildandi aðalskipulagi Dalabyggðar er m.a. áhersla á fjölbreytt atvinnutækifæri, hagkvæma nýtingu orkulinda (einkum jarðvarma), sjálfbæra nýtingu lands og auðlinda og gróðurvernd. Einnig á hagkvæmar lausnir í vegagerð, umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggða. *Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030* markar m.a. stefnu um landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu. *Landsskipulagsstefna 2015-2026* leggur m.a. áherslu á samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf og ferðaþjónustu í sátt við náttúru og umhverfi ásamt tryggum fjarskiptum og sjálfbærri orkuvinnslu.

2.2.4 Félags- og velferðarmál

Íbúðarhúsnæði

Dalabyggð markar stefnu í aðalskipulagi um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Greining á þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði er ein af grundvallarforsendum þegar unnið er að gerð aðalskipulags.

Í Dalabyggð voru 356 íbúðir á lok árs 2018 og hefur sú tala haldist nær óbreytt frá árinu 2009. Í lok árs 2018 voru 148 sumarhús og hafði þeim fjölgað um 26 frá árinu 2009 (voru þá 122).³²

Stjórnvöld og Dalabyggð hafa gert samkomulag um aðkomu stjórnvalda að uppbyggingu á leiguhúsnæði í Búðardal. Skortur hefur verið á íbúðarhúsnæði í Dalabyggð á síðustu árum en hafin er bygging fimm íbúða.



Ólafsdalur.

Grunnþjónusta

Í Dalabyggð er samrekin grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli í Búðardal, Auðarskóli. Heilbrigðisstofnun Vesturlands rekur heilsugæslu í Búðardal. Dvalar- og hjúkrunarheimili er í Búðardal en einnig á Fellsenda. Embætti skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa eru sameiginleg fyrir Árneshrepp, Dalabyggð, Kaldrananeshrepp, Reykhólasveit og Strandabyggð. Sýslumaðurinn á Vesturlandi er með útibú í Búðardal.

Rekin er endurvinnslustöð fyrir sorp í í Búðardal þar sem áhersla er á flokkun og endurvinnslu.

Íþróttir og lýðheilsa

Íþróttahús með sundlaug er rekið að Laugum í Sælingsdal. Þessar eignir eru í sölufarli. Samkvæmt fjárhagsáætlun til 2023 er áætlað að ráðast í uppbyggingu íþróttamannvirkja í Búðardal. Búðardalsvöllur er inni í þéttbýlinu, auk íþróttasvæða við Auðarskóla og opinna útivistar- og leiksvæða-.

Gildandi stefna

Í gildandi aðalskipulagi Dalabyggðar er mörkuð stefna um hagkvæma þróun byggðar á svæðinu, m.a. að taka frá byggingarland fyrir vöxt þéttbýlis. Einnig um uppbyggingu grunnþjónustu. *Landsskipulagsstefna 2015-2026* leggur m.a. áherslu á að skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða og að uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar. Það getur t.d. falist í að tryggt verði fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuðli að félagslegri fjölbreytni og í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa.

2.2.5 Menning

Sögustaðir

Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að svæðið sé ríkt af sögu. Í Dalasýslu áttu sér stað helstu örlaga og átakaatburðir Íslandssögunnar á landnámsöld. Í *Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018* –

2030 er unnið með þennan menningararf m.a. með skilgreiningu á svokallaðri Dalaleið. Í því felst t.d. að skilgreina uppbyggingu í tengslum við skilgreindar leiðir með það fyrir augum að vinna með upplifun og ímynd staða og svæða og styrkja markaðsstarf.

Söfn

Á vegum sveitarfélagsins eru fjögur söfn í Dalabyggð, þ.e. Byggðasafn Dalamanna, Héraðsbókasafn Dalasýslu, Héraðsskjalasafn Dalasýslu og Listasafn Dalasýslu.



Vínlandssetrið í Búðardal.

Menningarminjar

Hugtakið menningarminjar er skilgreint í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem „ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar“.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga þarf að gera grein fyrir friðuðum og friðlýstum húsum og minjum, vinna að skráningu menningarminja í samráði við Minjastofnun og marka eftir atvikum stefnu um verndun svæða eða einstakra húsa eða minja. Skráningu menningarminja er ekki lokið í Dalabyggð en gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að skráningunni.

Svæðisskráning fornleifa hefur farið fram í fyrrum Haukadalshreppi³³, Hörðudalshreppi³⁴, Laxárdalshreppi³⁵, Miðdalshreppi³⁶, Saurbæjahreppi³⁷ og Skógarstrandahreppi³⁸.

Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna hefur staðið að fornleifaskráningum og rannsóknum. Skráning eða rannsóknir hafa farið fram í Akureyjum (aðalskráning fornleifa), Hörðudal (skráning á dysjum, leiðum og haugum), Saurbæ (skráning á dysjum, leiðum og haugum), Skógarströnd (skráning á dysjum, leiðum og haugum), Haukadal (fornleifarannsóknir), Öxney (fornleifarannsókn). Auk þessa hefur fornleifaskráning farið fram í Ólafsdal á vegum Minjaverndar og Ólafsdalsfélagsins.

Búsetu- og menningarlandslag

Til búsetu- eða menningarlandslags telst allt landslag þar sem ummerki mannsins sjást. Hugtakið er oftast tengt landslagi mótuðu af hefðbundnum landbúnaði.³⁹ Í núverandi lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) er búsetulandslag skilgreint sem hluti fornleifa og ber því að vernda á sama hátt og aðrar fornleifar.

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins verður skoðað hvort þörf er á sérstakri greiningu á búsetu- eða menningarlandslagi, svo sem í tengslum við flokkun og greiningu á landbúnaðarlandi.

Gildandi stefna

Í gildandi aðalskipulagi er rík áhersla á að varðveita og miðla menningararfinum til næstu kynslóða. Í svæðisskipulaginu er enn frekar unnið með menningararfinn og mörkuð stefna um hvernig hann getur styrkt ímynd og upplifun af svæðinu. Landsskipulagsstefna leggur m.a. áherslu á að varðveita sérstæða náttúru, menningu og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.



Selur á skeri.

2.2.6 Útivist

Skipulag byggðar og lífsgæði fólks

Eitt af leiðarljósum landsskipulagsstefnu er að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks. Með skipulagi er ákveðið hvernig byggð skuli útfærð, hvernig byggð og samgöngur spili saman, hvar gert sé ráð fyrir svæðum til útivistar og hvernig þau skuli vera.

Þekkt er að útfærsla byggðar geti haft bein áhrif á lýðheilsu og vellíðan. Nefna má þætti eins og gæði hins byggða umhverfis og tækifæri til útiveru og hreyfingar í daglegu lífi.

Hverfisvernd

Í gildandi aðalskipulagi er mörkuð stefna um hverfisvernd, en skilgreind eru níu hverfisverndarsvæði. Það eru:

- **Árgljúfur Skraumu.** Sérstætt landslag og áhugavert útivistarsvæði.
- **Hörðudalsá ásamt bökkum.** Sérstætt landslag og áhugavert útivistarsvæði.
- **Ósasvæði Hörðudalsár, Miðár og Haukadalsár.** Sérstætt landslag við ósa ána, lífríkar fjörur og auðugt fuglalíf.
- **Reykjadalur í Suðurdölum.** Sérstætt landslag og gróðurfar, kjarrlendi. Jarðhiti og gömul sundlaug og áhugavert útivistarsvæði.
- **Laxá ásamt bökkum.** Sérstætt landslag og áhugavert útivistarsvæði.
- **Laugar – Krosshólar í Hvammssveit.** Sérstætt landslag og jarðmyndanir, áhugavert útivistarsvæði.
- **Flekkudalur á Fellsströnd.** Sérstætt gróðurfar og fjöldi söguminja.
- **Dagverðarnes og Arnarbæli.** Sérstætt landslag og gróðurfar og söguminjar.

- **Ólafsdalur í Gilsfirði.** Í Ólafsdal eru gömlu skólahús búnaðarskálans ásamt útihúsum. Svæðið í heild hefur mikið menningarsögulegt gildi.

Gildandi stefna

Í gildandi aðalskipulagi er talsverð áhersla á opin svæði og svæði til sérstakra nota. Í landsskipulagsstefnu og svæðisskipulaginu er rík áhersla á þetta samspil skipulags byggðar og lífsgæða sem felast í aðgengi að náttúrunni.



Krosshólaborg, minnismerki um Auði djúpúðgu.

3 Viðfangsefni og áherslur við endurskoðun

Í kaflanum er gerð grein fyrir viðfangsefnum aðalskipulagsins og áherslum sveitarstjórnar Dalabyggðar inn í endurskoðun aðalskipulagsins.

3.1 Afmörkun aðalskipulags

Skipulagið tekur til alls lands innan sveitarfélagsmarka Dalabyggðar, þ.e. til þéttbýlisins í Búðardal og dreifbýlisins. Sveitarfélagið er 2.421 km² að stærð. Megin landnotkun í sveitarfélaginu er hefðbundinn landbúnaður, einkum sauðfjárrækt og mjólkurframleiðsla. Búðardalur er eina þéttbýlissvæðið og það er vel staðsett landfræðilega, miðsvæðis í sveitarfélaginu, og stærsti hluti byggðarinnar í innan 40 km fjarlægð. Stefnumörkun í aðalskipulaginu spannar 12 ára tímabil.


Hvað er sjálfbær þróun

Sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar *án þess að skerða* möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum og lágmarkar þannig neikvæð áhrif á umhverfið. Orðasambandið sjálft er þýðing á enska orðasambandinu „*sustainable development*“.

Hugmyndin um sjálfbæra þróun byggir á þremur stöðum: *samfélagi*, *umhverfi* og *efnahag*. Hlutverki þessara stöða er best lýst þannig að sjálfbærni næst aðeins ef jafnvægi er á milli þeirra. Þróun getur þannig aðeins verið sjálfbær ef hún er til framdráttar á öllum þessum þremur sviðum.

3.2 Aðalskipulag og sjálfbær þróun

Við gerð aðalskipulags er áhersla á að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun sbr. markmið skipulagslaga og leiðarljós landsskipulagsstefnu. Við mótun vinnslutillögu aðalskipulagsins verður unnið með allar þrjár stöðir sjálfbærrar þróunar, þ.e. samfélag, umhverfi og efnahag. Umhverfismati verður beitt til að tryggja að aðalskipulagið stuðli að sjálfbærri þróun og hafi sem jákvæðust umhverfisáhrif.



3.3 Virði skýrrar stefnu

Í aðalskipulagsvinnunni verður leitast við að marka skýra stefnu í náinni samvinnu við íbúa og hagsmunaaðila. Skýr stefna er mikilvæg fyrir íbúa sem velja sér búsetu og vilja geta treyst á að ákveðnum gæðum verði viðhaldið. Skýr stefna sveitarfélagsins getur einnig haft afgerandi áhrif á val fyrirtækja um uppbyggingu og veitt mikilvægt öryggi fyrir fjárfesta.

Aðalskipulaginu er ætlað að nýtast sem virkt stjórnæki við ákvarðanir og áætlanagerð sveitarfélagsins um nýtingu og hverskonar ráðstöfun lands.

3.4 Helstu viðfangsefni og sérstakar áherslur sveitarstjórnar

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur lagt til sérstakar áherslur inn í aðalskipulagsgerðina, auk þeirra meginviðfangsefna sem fjalla skal um í aðalskipulagi samkvæmt skipulagsreglugerð. Sérstakar áherslur sveitarstjórnar eru eftirfarandi:

- **Flokkun landbúnaðarlands.** Að gerð verði úttekt og flokkun á landbúnaðarlandi og hún nýtt til þess að marka stefnu um nýtingu og eftir atvikum vernd landbúnaðarlands í aðalskipulagi Dalabyggðar, svo sem með tilliti til skógræktar.
- **Auðlindir.** Að tekið verði saman yfirlit yfir helstu auðlindir í sveitarfélaginu, sem tekur m.a. til neysluvatns og áætlaða þörf íbúa og atvinnulífs, m.a. varðandi neysluvatn. Gerð verði úttekt á mögulegum vindorkusvæðum með tilliti til byggðar, ásýndar og hljóðvistar og hvort slík vinnsla sé möguleg innan sveitarfélagsins.
- **Samgöngur og íbúapróun.** Að fjallað verði um samgöngur og íbúapróun með tilliti til stöðu atvinnugreina í Dalabyggð, svo sem þjónustu- og vinnusóknar í sveitarfélaginu og á stærra svæði. Tekið verði saman yfirlit yfir íbúapróun og samsetningu íbúafjöldans og spár um þróun til framtíðar.

Viðfangsefni og efnistöð aðalskipulags

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal gera grein fyrir og marka stefnu um neðangreind málefni og setja þau fram með ákvörðunum um landnotkun, eftir því sem við á.

- ✓ Athafna- og iðnaðarstarfsemi
- ✓ Blöndun byggðar
- ✓ Efnistaka, efnislosun og urðun úrgangs
- ✓ Íbúar og íbúðir
- ✓ Landbúnaður
- ✓ Landsskipulagsstefna
- ✓ Opin svæði, útivist og íþróttir
- ✓ Samgöngur, vegir og stígar
- ✓ Sjálfbær þróun
- ✓ Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlends
- ✓ Stakar framkvæmdir
- ✓ Varúðarsvæði og náttúruvá
- ✓ Veitur og fjarskipti
- ✓ Verndar- og orkunýtingaráætlun
- ✓ Vernd vatns, náttúru- og menningarminja
- ✓ Verslun og önnur þjónusta
- ✓ Þéttbýli

Að auki getur sveitarstjórn sett fram stefnu í aðalskipulagi um önnur málefni sem varða þróun sveitarfélagsins.

3.5 Stefna gildandi aðalskipulags Dalabyggðar

Í gildandi aðalskipulagi, *Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 – 2016*, er áhersla á þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

Nýtt aðalskipulag mun að grunni til byggja á meginmarkmiðum gildandi skipulags. Sveitarstjórn Dalabyggðar leggur áherslu á eftirfarandi sérgreind markmið í núgildandi aðalskipulagi:

- *Að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. að taka frá byggingarland fyrir vöxt þéttbýlis.*
- *Að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi.*
- *Að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda, einkum jarðvarma.*
- *Að leita hagkvæmstu lausna í vegagerð og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.*
- *Að stuðla að varðveislu náttúruvænna og sögumínna og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu.*
- *Að standa vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.*
- *Að stuðla að gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.*
- *Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.*




Frá Búðardal.

4 Skipulagsferlið

Í þessum kafla er gerð grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að gerð aðalskipulagsins. Öll umgjörð vinnunnar miðar að því að ferlið sé opið og aðgengilegt og að reglulega sé leitað eftir ábendingum og hugmyndum íbúa og hagsmunaaðila.

4.1 Tímaáætlun verkefnis

Tímaáætlun miðast við að lýsing skipulagsverkefnisins verði auglýst í byrjun mars 2020 og vinnslutillaga aðalskipulagsins verði kynnt í maí 2021. Áætlað er að aðalskipulagstillagan verði auglýst í ágúst sama ár og að aðalskipulagið taki gildi í byrjun árs 2022, sjá meðfylgjandi mynd.



4.2 Ferlið við gerð aðalskipulagsins

Í skipulagslögum og skipulagsreglugerð er tilgreint hvernig standa beri að gerð aðalskipulags, svo og kynningu og samráði.

Skipulagslýsing, vinnsla og auglýsing

Í upphafi skipulagsvinnunnar er tekin saman skipulagslýsing, þ.e. yfirlit sem lýsir áherslum sveitarfélagsins við endurskoðun aðalskipulagsins auk upplýsinga um forsendur og fyrirliggjandi stefnu. Í lýsingu er jafnframt gerð grein fyrir skipulagsferlinu og hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsgerðinni, svo sem kynningu og samráði.

Lýsingin er samþykkt í sveitarstjórn og auglýst í kjölfarið. Hún er einnig kynnt opinberlega á kynningarfundum og íbúar og hagsmunaaðilar fá tækifæri til að koma ábendingum á framfæri við sveitarfélagið. Auk þess er sérstök vinnusmiðja í tengslum við kynninguna (íbúafundinn) þar sem safnað er hugmyndum inn í skipulagsvinnuna. Skipulags- og matslýsingin er send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum.

Samhliða vinnslu og kynningu lýsingar er gerð úttekt og flokkun á landbúnaðarlandi. Úttektin er nýtt til þess að marka stefnu um nýtingu og eftir atvikum vernd landbúnaðarlands í aðalskipulaginu.

Undirbúningur, gagnaöflun, greining á forsendum og úrvinnsla

Að lokinni kynningu lýsingar fer fram gagnaöflun og skipulagsforsendur og umhverfisaðstæður eru metnar. Greind eru tengsl aðalskipulagsins við aðrar áætlanir, svo sem landsskipulagsstefnu og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Auk þess eru tekin saman gögn um auðlindir, sem taka m.a. til neysluvatns og vindorku, og áætlaða þörf íbúa og atvinnulífs.

Drög að skipulagstillögu og úrvinnsla samráðs

Unnin eru drög að aðalskipulagstillögu í samræmi við skipulagslýsingu og með hliðsjón af þeim ábendingum sem borist hafa frá íbúum, hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum á fyrri stigum. Við gerð aðalskipulags eru umhverfisáhrif metin og niðurstöður umhverfismatsins nýttar við endanlega mótun skipulagstillögunnar. Aðalskipulagstillaga er unnin í samráði við íbúa og hagsmunaaðila og er vinnslutillaga aðalskipulagsins kynnt opinberlega (fyrir auglýsingu). Tillaga að aðalskipulagi er kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundum eða á annan fullnægjandi hátt á vinnslustigi, þ.e. áður en tillagan er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn. Tillagan er einnig kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélagi og öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins.

Auglýsing, kynning og afgreiðsla aðalskipulags

Að lokinni fyrrnefndri kynningu á vinnslustigi er skipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu og í framhaldi af því send Skipulagsstofnun til athugunar. Þegar endanleg tillaga að aðalskipulagi liggur fyrir af hálfu sveitarstjórnar er hún formlega auglýst til kynningar og þá gefst almenningi kostur á að koma skriflegum athugasemdum á framfæri. Tillagan er auglýst með áberandi hætti, svo sem í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Hún er einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Í auglýsingu er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir innan ákveðins frests sem er sex vikur frá birtingu auglýsingar.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn er unnið úr framkomnum athugasemdum og umsögnum og gengið frá endanlegu aðalskipulagi. Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur afstöðu til athugasemda og umsagna og sendir aðalskipulagið til lokasamþykktar í sveitarstjórn. Aðalskipulagið tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn og staðfest af Skipulagsstofnun.

4.3 Áætlun um kynningu og samráð

Viðfangsefni	Aðilar	Hvernig	Tími	
Skipulagslýsing, vinnsla og auglýsing	Áherslur sveitarstjórnar	Sveitarstjórn, umhverfis- og skipulagsnefnd, sveitarstjóri og skipulagsfulltrúi	Vinnufundur með ráðgjafa um forsendur og áherslur fyrir skipulagsgerðina. Niðurstaða funda skjalfest í fundargerð	Janúar og febrúar 2020
	Kynning skipulagslýsingar	Íbúar og hagsmunaaðilar. Skipulagsstofnun og aðrir umsagnaraðilar	Lýsingin er auglýst í fjölmiðlum og á vef Dalabyggðar. Umsagnarbeiðni er send til stofnana. Haldinn er íbúafundur þar sem lýsingin og helstu áherslur sveitarstjórnar í nýju aðalskipulagi eru til kynningar	Mars 2020
	Hugmynda- og greiningarvinna	Íbúar og hagsmunaaðilar	Í tengslum við íbúafund vegna lýsingar er haldin vinnusmiðja þar sem safnað er hugmyndum fyrir aðalskipulagsgerðina. Framkomnar hugmyndir varðveittar af ráðgjafa	Mars 2020
	Athugasemdir við skipulagslýsingu	Íbúar og hagsmunaaðilar	Framkomnar athugasemdir teknar saman og birtar á vef Dalabyggðar	Apríl 2020
	Verkefnisstjórnun og framvinda verkefnis	Skipulagsfulltrúi, umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjóri	Reglubundnir fundir verkefnisstjórnar, þ.e. skipulagsfulltrúa, formanns og varaformanns umhverfis- og skipulagsnefnd og ráðgjafa um skipulagslýsingu og flokkun landbúnaðarlands. Niðurstaða funda skjalfest í sameiginlegri fundargerð	Janúar til mars 2020

<i>Undirbúningur, gagnöflun o.fl.</i>	Flokkun landbúnaðarlands	Sveitarstjórn, umhverfis- og skipulagsnefnd, sveitarstjóri og skipulagsfulltrúi	Vinnufundir með ráðgjafa um viðmið fyrir flokkun á landbúnaðarlandi. Niðurstaða funda skjalfest í fundargerð	Febrúar og mars 2020
	Verkefnisstjórnun og framvinda verkefnis	Skipulagsfulltrúi, umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjóri	Reglubundnir fundir verkefnisstjórnar þar sem unnið er með skipulagsforsendur, tengsl við aðrar áætlanir, gögn um auðlindir o.fl. Niðurstaða funda skjalfest í sameiginlegri fundargerð	Mars til ágúst 2020
<i>Drög að skipulagstillögu og úrvinnsla samráðs</i>	Kynning á fyrstu drögum að stefnu	Íbúar og hagsmunaaðilar	Kynningargögn um fyrstu drög að stefnu aðalskipulagsins á á vef Dalabyggðar	Janúar 2021
	Kynning á vinnslutillögu	Íbúar og hagsmunaaðilar	Vinnslutillaga aðalskipulagsins er kynnt íbúum sveitarfélagsins og hagsmunaaðilum á íbúafundi og á vef Dalabyggðar og kynnt umsagnaraðilum	Apríl og maí 2021
	Athugasemdir við vinnslutillögu	Íbúar og hagsmunaaðilar	Framkomnar athugasemdir við vinnslutillögu teknar saman og birtar á vef Dalabyggðar	Maí 2021
	Verkefnisstjórnun og framvinda verkefnis	Skipulagsfulltrúi, umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjóri	Reglubundnir fundir verkefnisstjórnar um gerð vinnslutillögu. Niðurstaða funda skjalfest í sameiginlegri fundargerð	Ágúst 2020 til maí 2021

Auglýsing, kynning og afgreiðsla aðalskipulags	Frágangur tillögu	Stofnanir o.fl.	Við frágang skipulagstillögunnar er haft samráð við stofnanir og fleiri aðila, eftir því sem þörf er á	Mars til maí 2021
	Afgreiðsla sveitarstjórnar á tillögu fyrir auglýsingu	Sveitarstjórn, umhverfis- og skipulagsnefnd, sveitarstjóri og skipulagsfulltrúi	Aðalskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu	Maí 2021
	Athugun Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu tillögu	Skipulagsstofnun	Skipulagstillagan er send Skipulagsstofnun til athugunar, sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga	Maí og júní 2021
	Auglýsing aðalskipulagstillögu	Íbúar og hagsmunaaðilar. Umsagnaraðilar	Aðalskipulagstillagan auglýst sbr. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga og send umsagnaraðilum, 6. vikna kynningartími. Haldinn er íbúafundur þar sem auglýst tillaga verður kynnt	Ágúst og september 2021
	Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum	Umhverfis- og skipulagsnefnd og skipulagsfulltrúi	Greinargerð þar sem athugasemdum og umsögnum er svarað með rökstuðningi og gerð grein fyrir því hvaða breytingar eru gerðar á skipulagsgögnum eftir auglýsingu aðalskipulagstillögunnar. Greinargerðin birt á vef Dalabyggðar	September til nóvember 2021
	Staðafesting aðalskipulags	Sveitarstjórn Dalabyggðar, Skipulagsstofnun	Umhverfis- og skipulagsnefnd sendir aðalskipulagið til samþykktar í sveitarstjórn og að lokum til staðfestingar Skipulagsstofnunar	Nóvember 2021 til janúar 2022
	Verkefnisstjórnun og framvinda verkefnis	Skipulagsfulltrúi, umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjóri	Reglubundnir fundir verkefnisstjórnar um frágang tillögu, auglýsingu, úrvinnslu athugasemda og staðfestingu. Niðurstaða funda skjalfest í sameiginlegri fundargerð	Maí 2021 til janúar 2022

5 Ábyrgðar- og samráðsaðilar við gerð aðalskipulags

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á gerð aðalskipulags. Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar fjallar um aðalskipulagsvinnuna í umboði sveitarstjórnar í samræmi við skipulagslög og skipulagsreglugerð.

5.1 Sveitarstjórn og umhverfis- og skipulagsnefnd

Umhverfis- og skipulagsnefnd, sveitarstjóri, skipulagsfulltrúi og skipulagsráðgjafar koma með beinum hætti að aðalskipulagsvinnunni. Sveitarstjórn og umhverfis- og skipulagsnefnd fjalla um málefni aðalskipulagsins eftir því sem tilefni er til. Aðrar nefndir sveitarfélagsins munu, eftir því sem við á, vinna að öflun gagna og koma að endurskoðun aðalskipulagsins.


5.2 Verkefnisstjórn

Skipulagsfulltrúi, formaður og varaformaður umhverfis- og skipulagsnefndar og ráðgjafi mynda verkefnisstjórn sem heldur utan um vinnuna við endurskoðun aðalskipulagsins. Dalabyggð samdi í janúar 2020 við Verkís um ráðgjöf vegna skipulagsvinnunnar.

5.3 Samvinna við íbúa og hagsmunaaðila

Rík áhersla er lögð á aðkomu íbúa og hagsmunaaðila að skipulagsvinnunni. Leitað verður álags sérfræðinga þegar þörf verður á faglegu mati eða öðrum sérhæfðum upplýsingum vegna skipulagsvinnunnar.

Ákveðið er að hafa allt ferlið opið og gegnsætt og að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar verði upplýstir um gang mála. Þannig er gengið mun lengra í samráði og kynningu en krafist er í skipulagslöggjöfinni. Áhersla verður lögð á beina þátttöku íbúa og hagsmunaaðila við gerð skipulagstillögunnar. Markmiðið er að afla sem bestra gagna og gefa sem flestum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Til að ná þessu markmiði verða m.a. nýttar eftirfarandi leiðir:



- **Vefur Dalabyggðar.** Þar verða ýmsar upplýsingar um skipulagsferlið aðgengilegar. Jafnframt verður upplýsingum miðlað á Fésbókarsíðu Dalabyggðar.
- **Kynningar- og samráðsfundir.** Fundað verður með íbúum, félagsamtökum og atvinnulífinu eftir því sem við á. Hér er bæði átt við opna íbúafundi en einnig verða aðilar mögulega boðaðir til vinnufunda í smærri hópum.
- **Skipulagshópur.** Ef viðfangsefni aðalskipulagsins kalla á, verður settur á fót sérstakur hópur sem samanstendur af íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Hópurinn verður sveitarstjórn til ráðgjafar og mun hann taka virkan þátt í skipulagsvinnunni undir leiðsögn ráðgjafa.
- **Dreifibréf** sent í hús til kynningar á skipulagsvinnunni.

5.4 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum skilgreindir sem opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Sveitarstjórn leitar umsagnar á tveimur stigum eins og fram hefur komið. Annars vegar vegna lýsingarinnar og hins vegar þegar drög að tillögu verða kynnt á vinnslustigi. Að auki munu umsagnaraðilar fá ábendingu um auglýsingu aðalskipulagsins. Umsagnaraðilar eru eftirfarandi:

- **Opinberar stofnanir**
 - Skipulagsstofnun
 - Umhverfisstofnun
 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
 - Minjastofnun
 - Breiðafjarðarnefnd
 - Vegagerðin
 - Veðurstofa Íslands
 - Náttúrufræðistofnun
 - Ferðamálastofa
 - Orkustofnun
 - Skógræktin
 - Landgræðslan
 - Kirkjugarðaráð
 - Samgöngustofa
 - Póst- og Fjarskiptastofnun

- **Opinber fyrirtæki**
 - Landsnet
 - Rarik
 - Orkubú Vestfjarða
 - Míla
 - Isavia
- **Nærliggjandi sveitarfélög og samtök þeirra**
 - Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV)
 - Borgarbyggð
 - Eyja- og Miklaholtshreppur
 - Helgafellssveit
 - Stykkishólmsbær
 - Reykhólahreppur
 - Húnaþing vestra
 - Strandabyggð

5.5 Upplýsingar til annarra aðila um skipulagsgerðina

Fjöldmargir aðilar verða upplýstir um gerð aðalskipulagsins þegar skipulagslýsingin verður kynnt. Það á einnig við um kynningu vinnslutillögu og auglýsingu tillögu. Sjá einnig kafla 5.3 Samvinna við íbúa og hagsmunaaðila.

6 Umhverfismat aðalskipulagsins

6.1 Matskylda áætlunarinnar

Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sökum þess að eftirfarandi þrír þættir eiga við um áætlunina:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum.
- Áætlunin er undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum.
- Áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Áætlunin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, hún verður samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar og mun marka stefnu um ýmsar framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 í viðaukum 1 og 2.

Hvað er umhverfismat áætlana

Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og **nýta niðurstöður** matsins til að **draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum** þeirra.

Umhverfismat ber að vinna sem **hluta af skipulagsáætlunum** sveitarfélaga (svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags) og áætlana á borð við rammaáætlun og samgönguáætlun.

Ákvæði um umhverfismat áætlana er bæði að finna í sérstökum lögum um umhverfismat áætlana og í 12. gr. skipulagslaga.

Hvað eru umhverfisþættir

Umhverfisþættir eru **þættir í umhverfinu** sem skipulagsáætlunin getur **haft áhrif á**. Áhrifin geta verið veruleg eða óveruleg, jákvæð eða neikvæð, tímabundin eða varanleg.

Í lögum um umhverfismat áætlana er **umhverfi skilgreint sem**: Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta.

6.2 Umhverfisþættir og áhrifaþættir

Áhrifavaldar eða áhrifaþættir aðalskipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunarinnar og hámarka þau jákvæðu. Í töflu hér að neðan (Tafla 6.1) er vinsun umhverfisþátta fyrir gerð aðalskipulagsins, þ.e. megin matsþættir^b og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu aðalskipulagsins. Val umhverfisþátta byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand og aðrar forsendur sem liggja fyrir við upphaf vinnu við gerð aðalskipulagsins.

^b Matsþættir taka mið af megin viðfangsefnum við gerð aðalskipulags Dalabyggðar.

Tafla 6.1 Matspættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna endurskoðun aðalskipulagsins.

Matspáttur	Mikilvægir umhverfisþættir ^c	Skýringar
Samfélag	Samfélag, eignir	Áhrif af auknum umsvifum og fjölbreytni atvinnulífs. Aukin seigla og sveigjanleiki samfélagsins
Náttúra og landslag	Dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, vatn, jarðvegur, jarðmyndanir, veðurfar og landslag	Áhrif af nýrri byggð og/ eða uppbyggingu á þegar byggðum svæðum. Áhrif af framkvæmdum á nýjum svæðum
Atvinna og þjónusta	Samfélag, eignir og menningararfleifð	Áhrif af eflingu innviða, eflingu atvinnulífs og aukinni nærþjónustu. Aukin samkeppnishæfni sveitarfélagsins
Félags- og velferðarmál	Samfélag, heilbrigði manna og eignir	Áhrif af eflingu grunnþjónustu í sveitarfélaginu og auknum lífsgæðum í samfélaginu. Áhrif af uppbygging íbúðarhúsnæðis og nærþjónustu sem tekur mið af þörfum samfélagsins
Menning	Menningararfleifð og landslag	Áhrif af styrkingu staðaranda og eflingu innviða fyrir menningartengda starfsemi. Árif af uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu og aðstöðu á fjölförnum stöðum
Útivist	Heilbrigði manna og landslag	Áhrif á lýðheilsu og vellíðan íbúa. Bætt aðgengi til útivistar og jákvæð upplifun ferðamanna vegna uppbyggingar aðstöðu

^c Umhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Hvað eru umhverfisviðmið og -vísar?

Umhverfisviðmið er nokkurs konar **mælikvarði** fyrir umhverfi og sjálfbæra þróun.

Umhverfisviðmiðin eru þannig sá mælikvarði sem umhverfisáhrif stefnumiða áætlunarinnar eru **borin saman við**. Þegar metin eru áhrif áætlunar á tiltekna umhverfisþætti, er það gert með því að bera áhrifin saman við fyrir fram gefin **umhverfisviðmið** annars vegar og **grunnástand umhverfisins** hins vegar.

Þannig er hægt að taka afstöðu til þess hvort viðkomandi stefnumið sé talið hafa æskileg eða óæskileg áhrif, veruleg eða óveruleg á umhverfið.

Umhverfisvísir er mælikvarði á **ástand tiltekins umhverfisþátta**. Umhverfisvísar hjálpa til við að lýsa nánar viðkomandi umhverfisþætti. Umhverfisvísar benda á þau einkenni.

6.3 Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Umhverfisviðmiðin eru birt í töflu hér að neðan (Tafla 6.2), en þar eru einnig tilgreindir vísar og tengsl við umhverfisþætti sem skilgreind eru í lögum um umhverfismat áætlana.^d Umhverfisviðmiðin eru í grunnin byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sérstaklega er tekið mið af heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa augljós tengsl við skipulagsgerð.⁴⁰ Einnig er byggt á *Landskipulagsstefnu 2015-2026* og öðrum áætlunum á landsvísu sem marka stefnu um landnotkun.

Í umhverfismatinu er unnið með sex matsþætti sem taka til meginviðfangsefna aðalskipulagsins, sbr. töflu hér að ofan (Tafla 6.1). Lagt verður mat á hvort skipulagið eða einstakir hlutar þess styðji eða gangi gegn umhverfisviðmiðunum og við framkvæmd matsins verður beitt matsspurningum sem vísa til umhverfisviðmiðanna.



Fellsendi og Sauðafell.

^d Stuðst er við töflu fyrir umhverfisviðmið, umhverfisvísa og umhverfisþætti í *Lýsingu fyrir gerð landskipulagsstefnu fyrir loftslag, landslag, lýðheilsu, Viðauka við Landskipulagsstefnu 2015–2026*. Viðmiðin og vísar eru útfærðir og aðlagðir að áherslum og viðfangsefnum í aðalskipulagi.

Tafla 6.2 Umhverfisviðmið, umhverfisvísar og umhverfisþættir sem byggt verður á umhverfismati aðalskipulags Dalabyggðar.

Umvhverfisviðmið	Byggt á	Umvhverfisvísar	Umvhverfisþættir ⁴¹												
			Samfélag	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Líffræðileg fölbreytni	Jarðvegur	Jarðmýndanir	Vatn	Loft	Veðurfar	Eignir	Menningararfleifi	Landslag
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar Draga úr ótímabærum dauðsföllum af völdum lífsstílstengdra sjúkdóma með forvörnum m.a. með íþrótt- og félagslífi og útivist. Stuðla að geðheilbrigði og vellíðan. Stuðla að heilnæmu umhverfi og góðum möguleikum til útiveru. Draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysa.	HMS ⁴² -3 (3.4 og 3.6) LSK 15-26 ⁴³ (2.2 og 3.3)	Umferðarslys Aðgengi að útivist Ásýnd lands Hætta vegna sjávarflóða Hljóðstig													
Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun. Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og stöðuvötn.	HMS-6 (6.3 og 6.6)	Fráveita Vatnsgæði Votlendi Mengun													
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði Auka hlut endurnýjanlegrar orku. Stuðla að bættri orkunýtingu. Skipulag gefi kost á uppbyggingu flutningskerfa raforku og að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi.	HMS-7 (7.2 og 7.3) LSK 15-26 (2.5)	Endurnýjanleg orka Raforkuflutningur Virkjanir													
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla Viðhalda hagvexti í samræmi við aðstæður. Bæta nýtingu auðlinda til neyslu og framleiðslu. Draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur. Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.	HMS 8 (8.1, 8.4 og 8.9) LSK 15-26 (2.4 og 3.4)	Hagvöxtur Íbúafjöldi Ferðaþjónusta Viðhorf ferðamanna Staða atvinnulífs og fjölbreytni													
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun Próa trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velferð allra. Stuðla að samkeppnishæfni, þoli og eflingu samfélags og atvinnulífs. Stuðla að greiðum sjálfbærum samgöngum í þéttbýli og dreifbýli. Tryggja örugg fjarskipti og afhendingu raforku um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag.	HMS-9 (9.1) LSK 15-26 (2.5 til 2.7 og 3.4 til 3.6)	Fjarskipti, Veitur Umferð, vegflokkan Vinnu- og þjónustusókn Raforkuflutningur Þjónustustig og aðgengi að þjónustu													
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Tryggja öllum fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og grunnþjónustu. Gefa öllum kost á að ferðast með öruggum, sjálfbærum og aðgengilegum ferðamátum á viðráðanlegu verði.	HMS 11 (11.1, 11.2, 11.4, 11.6 og 11.a)	Ferðamátar Almennings-samgöngur Umferðarslys Íbúar													

Bæta umferðaröryggi og almenningssamgöngur. Standa vörð um náttúruuminjar og menningararfleifð. Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í þéttbýli, með áherslu á loftgæði og meðhöndlun úrgangs. Nýta skipulag til að styðja jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis og dreifbýlis.	LSK 15-26 (3.1, 3.2, 3.3 og 3.5)	Íbúðir Loftgæði Úrgangs- meðhöndlun Verndarsvæði													
Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáferðir Vinna að sjálfbærri stjórnun og nýtni á náttúruauðlindum. Draga úr sóun með forvörnum, minni úrgangi, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu.	HMS-12 (12.2 og 12.5)	Úrgangs- meðhöndlun													
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara. Stuðla að orkuskiptum í samgöngum og kolefnisbindingu. Flétta aðgerðir vegna loftslagsbreytinga inn í skipulag og áætlanagerð. Stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.	HMS-13 (13.1 og 13.2) AL 18-30 ⁴⁴ LSK 15-26 (2.8 og 3.7)	Binding kolefnis Losun kolefnis Hækkun sjávarborðs Áhætta vegna ofanflóða													
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt Draga úr mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi. Stuðla að heilbrigðu umhverfi hafsins með því að vernda og stjórna nýtingu á vistkerfum sjávar og strandsvæða og koma í veg fyrir veruleg neikvæð áhrif, styrkja viðnámsþol og endurheimta vistkerfi. Vinna gegn súrnun sjávar.	HMS-14 (14.1, 14.2 og 14.3)	Ástand sjávar Verndarsvæði Mengun													
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra, sérstaklega skóga, votlendis, fjalllendis og þurrlendis í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Stuðla að sjálfbærri stjórnun skóga af öllu tagi, stöðva eyðingu skóga, endurheimta skóga. Berjast gegn eyðimerkurmyndun, endurheimta land og jarðveg og vinna að sjálfbærri gróðurframvindu. Stuðla að verndun vistkerfa í fjalllendi, m.a. líffræðilegri fjölbreytni þeirra. Grípa til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni og koma í veg fyrir útrýmingu tegunda í hættu. Grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir landnáms og draga úr áhrifum ágengra framandi tegunda á vistkerfi á landi og í vatni.	HMS-15 (15.1, 15.2, 15.3, 15.4, 15.5 og 15.8)	Líffræðileg fjölbreytni Gróðurfar Skógar Landbúnaðarland Fuglalíf Verndarsvæði													
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Stuðla að varðveislu og vernd náttúru- og menningarminja, sem felast í líffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndana, víðernum, landslagi og minjum um sögu og búsetu. Yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum.	LSK 15-26 (2.2 og 3.3) VTF ⁴⁵ MSM ⁴⁶	Fágæti landslags Ásýnd lands Menningarlandslag Náttúruuminjar Fornleifaskráning Röskun lands													
Styðja leiðir til samstarfs um sjálfbæra þróun Hvetja til skilvirks samstarfs opinberra aðila, einkaaðila og almennra borgara.	HMS-17														

6.4 Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna

Við umhverfismat aðalskipulagsins verður stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis og upplýsingar sem koma fram í skipulagsferlinu. Þá verður einnig leitað til sérfróðra manna og stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðháttum, gerist þess þörf.

Unnin verður umhverfisskýrsla samhliða skipulagsgerðinni, þar sem greint verður frá mögulegum umhverfisáhrifum af stefnu aðalskipulagsins. Framsetning umhverfismats verður í formi matstafla og/eða texta. Lögð verður fram tillaga að aðalskipulagi ásamt umhverfisskýrslu til lögbundinnar kynningar.

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar⁴⁷ og stuðst verður við sex vægiseinkunnir við matið sbr. töflu hér til hliðar (Tafla 6.3).

Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort valkostir um stefnu í aðalskipulagi styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér. Skilgreindar verða matsspurningar til að greina hvort stefnan í aðalskipulagi styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum.

Tafla 6.3 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum aðalskipulags Dalabyggðar.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

6.5 Stefnukostir


Til að varpa ljósi á hvaða stefnukostir koma til álita í aðalskipulaginu eru skilgreindir megin valkostir um stefnu með það fyrir augum að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar. Ekki liggur fyrir nú hvaða valkosti er raunhæft að meta, þar sem viðfangsefnin liggja ekki að öllu leyti fyrir. Almennt séð geta valkostir í aðalskipulagi tekið til ákveðins landsvæðis, málaflokks eða viðfangsefnis, t.d. ákveðinnar framkvæmdar.

Miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir gætu eftirfarandi viðfangsefni komið til skoðunar í tengslum við gerð aðalskipulagsins:

- **Núll-kostur.** Í umfjöllun um núll-kost verður gerð grein fyrir grunnástandi umhverfispáttá og líklegri þróun umhverfisins án framfylgdar nýs aðalskipulags Dalabyggðar.
- **Vöxtur þéttbýlis.** Í tengslum við gerð aðalskipulagsins kemur til álita að skoða valkosti um þróun þéttbýlisins, það er hvert beina skuli uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.
- **Uppbygging ferðaþjónustustaða.** Um væri að ræða að greina valkosti um eðli og umfang uppbyggingar ferðaþjónustuaðstöðu í sveitarfélaginu, svo sem í samhengi við áfangastaðaáætlun og svæðisskipulag.
- **Stefnumörkun um landbúnaðarland.** Til álita kemur að greina hvaða svigrúm er til stefnumörkunar í aðalskipulagi um notkun landbúnaðarlands til hefðbundinnar landbúnaðarframleiðslu og með hliðsjón af áformum um skógrækt, ferðaþjónustu o.fl.
- **Vindorkunýting.** Áform eru um nýtingu vindorku í sveitarfélaginu og til álita kemur að greina valkosti í tengslum við það, svo sem hvað varðar fyrirkomulag og umfang vindorkunýtingar í Dalabyggð. Einnig samlegðaráhrif af uppbyggingu vindorkuvera í sveitarfélaginu.

Hvað eru stefnukostir

Stefnukostir eru þeir **valkostir** sem ákveðið er að taka afstöðu til í umhverfismati áætlunar. Þeir eru þannig **bornir saman** í umhverfismatinu m.t.t. áhrifa þeirra á umhverfið og mat lagt á hvaða valkostur hefur minnstu óæskilegu áhrifin á umhverfið en stuðlar best að jafnvægi milli hinna þriggja stöða sjálfbærrar þróunar sem eru umhverfi, samfélag og efnahagur.



Klofningsskarð.

7 Tengsl við aðrar áætlanir

Í vinnsluferli aðalskipulagsins verður gætt að samræmi við stefnu stjórnvalda á landsvísu um skipulagsmál og skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Helstu áætlanir og stefnuskjöl eru tilgreind í töflu hér að neðan (Tafla 7.1) en nánar er fjallað um lykil stefnuskjöl í köflum hér að neðan.

7.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Þrjú viðfangsefni landsskipulagsstefnu snerta aðalskipulagið; *búsetumynstur – dreifing byggðar, skipulag í dreifbýli og skipulag haf- og strandsvæða*.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur falið Skipulagsstofnun að vinna tillögu að breytingu á *Landsskipulagsstefnu 2015-2026*. Vinna á nánari stefnumótun um skipulag byggðar og landnýtingu með tilliti til loftslagsmála, landslags og lýðheilsu. Einnig á að yfirfara gildandi stefnu um skipulagsmál haf- og strandsvæða og sérstaklega á að líta til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við mótun stefnunnar í heild sinni.

7.2 Aðrar áætlanir stjórnvalda á landsvísu

Hér eru dæmi um áætlanir og stefnuskjöl á landsvísu sem varða sérstaklega gerð aðalskipulags Dalabyggðar.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Markmiðin voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Íslensk stjórnvöld hafa valið sérstök forgangsmarkmið til að vinna að og eru nánar útfærð í öðrum áætlunum stjórnvalda, svo sem aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030. Aðgerðaáætlunin tekur til helstu aðgerða stjórnvalda til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti, þannig að Ísland gæti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum og áform um kolefnishlutleysi 2040. Orkuskipti í

samgöngum og átak í kolefnisbindingu eru tvö helstu áhersluatriði áætlunarinnar.

Samgönguáætlun 2019-2033. Í samgönguáætlun setja stjórnvöld fram stefnu og markmið fyrir allar greinar samgangna. Meginmarkmiðið er að samgöngur verði greiðar, hagkvæmar, umhverfislega sjálfbærar og að þær stuðli að jákvæðri byggðapróun.

Náttúruminjasrá og Náttúruverndaráætlun. Náttúruminjasrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst.

Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027. Kerfisáætlun er áætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku, annars vegar 10 ára langtímaáætlun og hins vegar framkvæmdaáætlun til næstu þriggja ára. Áætlunin byggir m.a. á markmiðum raforkulaga um afhendingaröryggi og viðmiða í stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.

Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024. Markmið byggðaáætlunar er að jafna aðgengi að þjónustu og tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun). Áætlunin, þ.e. rammaáætlun, byggir á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Samkvæmt 7. gr. laganna er áætlunin bindandi við gerð skipulagsáætlana.

Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029 (Landsáætlun um innviði). Landsáætlun um innviði er stefnumarkandi tólf ára áætlun sem fjallar um stefnumótun vegna uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Í áætluninni er markmið sem talar til skipulagsgerðar.

7.3 Svæðisskipulag

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 var staðfest árið 2018. Hlutverk svæðisskipulagsins er að undirbyggja, marka og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn sveitarfélaganna á þróun atvinnulífs, samfélags og umhverfis svæðisins og útfæra þá sýn m.t.t. skipulagsmála. Svæðisskipulaginu er þannig ætlað að vera eigin byggðaáætlun sveitarfélaganna sem skilgreinir sameiginlegar áherslur og verkefni um leið og það er skipulagsáætlun sem leggur línur fyrir aðalskipulags- og deiliskipulagsgerð hvers sveitarfélags.

Sameiginleg framtíðarsýn Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar er að í sveitarfélögunum:

- Eflist atvinnulíf sem byggir á auðlindum og sérkennum í náttúru, landslagi, menningu og sögu svæðisins.
- Blómgist mannlíf sem einkennist af samheldni og mikilli umhyggju og virðingu fyrir náttúru og sögu svæðisins.
- Styrkist staðarandi sem birtist í mannvirkjum og landslagi.

7.4 Svæðisáætlanir á Vesturlandi

Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024. Í áætluninni er sett fram framtíðarsýn og stefna fyrir málaflökkan samgöngur, umhverfi, atvinna og nýsköpun, menning og velferð. Framtíðarsýnin er: „Á Vesturlandi hafa ný atvinnutækifæri stutt við fólksfjölgun á svæðinu. Ungt fólk sér landshlutann sem aðlaðandi kost til búsetu í krafti góðrar þjónustu, sterkra innviða, öflug atvinnulífs og menningarstarfs. Aðgengi að náttúruperlum er gott og laðar að gesti og íbúa. Vesturland er til fyrirmyndar í sjálfbærni, umhverfismálum og nýtingu auðlinda“.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð: 2014-2019. Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar skal Breiðafjarðarnefnd í samvinnu við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun fyrir Breiðafjörð og senda ráðherra til staðfestingar. Markmið verndaráætlunarinnar er að tryggja vernd náttúru- og menningarminja svæðisins. Í þessu felst m.a. að náttúra verndarsvæðisins

fái að þróast eftir eigin lögmálum eins og kostur er um leið og almenningi og landeigendum er, eftir ákveðnum reglum, gert kleift að njóta þess sem svæðið hefur upp á að bjóða. Áætlunin er stefnumörkun sem lýsir stuttlega verndargildi svæðisins í heild og einstökum hlutum þess og markar stefnu um útfærslu stjórnunar og umsýslu vegna m.a. verndar, skipulags og framkvæmda á svæðinu og sýnir leiðir til að ná þeim markmiðum.

Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2018-2020. Í áætluninni er stöðugreining, stefnumótun, framtíðarsýn, markmiðasetning og aðgerðaáætlun fyrir tilgreinda áfangastaði eða svæði á Vesturlandi. Áætlunin á að stuðla að samræmingu og heildstæðri vinnu hvað varðar skipulag, þróun og aðgerðir sem lúta að stýringu og gæðum þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun og þolmörk á viðkomandi áfangastað eða svæði.



Séð yfir Langeyjarnes út Breiðafjörð.

Tafla 7.1 Helstu áætlanir og önnur samþykkt skjöl sem hafa stefnumótandi áhrif og höfð verða til hliðsjónar við endurskoðun aðalskipulagsins.

Áætlanir og önnur stefnuskjöl

Á Vesturlandi

- Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030. Dalabyggð, Reykhólahreppur og Strandabyggð 2018
- Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 (aðliggjandi sveitarfélag)
- Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038 (aðliggjandi sveitarfélag)
- Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012-2024 (aðliggjandi sveitarfélag)
- Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 (aðliggjandi sveitarfélag)
- Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022 (aðliggjandi sveitarfélag)
- Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026 (aðliggjandi sveitarfélag)
- Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV)
- Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð: 2014-2019. Umhverfis- og auðlindaráðherra 2014
- Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2018 – 2020. Markaðsstofu Vesturlands og Ferðamálastofa
- Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020. Sorpa bs. Sorpstöð Suðurlands bs., Sorpeyðingastöð Suðurnesja sf. og Sorpurðun Vesturlands hf.

Á landsvísu

- Landsskipulagsstefna 2015-2026. Alþingi 2016
- Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar – Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Ríkisstjórn 2018
- Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Alþingi 2013 og 2015
- Samgönguáætlun 2019-2033. Alþingi, Alþingi 2019
- Náttúruverndaráætlun 2009-2013. Alþingi 2010
- Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024. Umhverfis- og auðlindaráðherra 2013
- Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027. Orkustofnun 2019
- Náttúruminjasrá. Umhverfisaráðherra 1999
- Aðgerðaáætlun í loftlagsmálum 2018-2030. Umhverfis- og auðlindaráðherra 2018
- Byggðaáætlun 2018-2024. Alþingi 2018
- Menningarstefna í mannvirkjagerð. Stefna íslenskra stjórnvalda um byggingarlist. Menntamálaráðuneytið 2007
- Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029 (Landsáætlun um innviði). Alþingi 2018

Áætlanir og önnur stefnuskjöl

- *Vegvísir ferðaþjónustunnar. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 2015*
- *FjarSKIPTAÁÆTLUN fyrir árin 2011-2022. Alþingi 2012*
- *Lýðheilsustefna og aðgerðaáætlun sem stuðlar að heilsuefandi samfélagi – með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri. Ráðherranefnd 2016*
- *Evrópski landslagssáttmálinn.*
- *Ramsarsamningur um votlendi.*
- *Líffræðileg fjölbreytni: Stefnumótun Íslands um framkvæmd Samnings um líffræðilega fjölbreytni. Umhverfissráðuneytið 2008*
- *Kortlagning auðlinda ferðaþjónustunnar. Verkefnaskýrsla. Ferðamálastofa 2015.*
- *Skýrsla nefndar um landnotkun: Athugun á notkun og varðveislu ræktanlegs lands á Íslandi. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, 2010.*
- *Langtímaáætlun um námufrágang 2008-2018. Vegagerðin.*

Tilvitnanir og heimildir

¹ Vegagerðin. 2020. Vegaskrá. Sótt 18. febrúar 2020 af <http://www.vegagerdin.is/>

² Póst- og fjarskiptastofnun. 2020. Fjarskipti. Sótt 18. febrúar 2020 af <https://www.pfs.is/fjarskipti>

³ Dalabyggð. 2020. Dalaveitur. Sótt 18. febrúar 2020 af <https://dalir.is/thjonusta-og-starfsemi/onnur-thjonusta/dalaveitur/>

⁴ Náttúrufræðistofnun Íslands. 2020. Jarðfræðikort. Sótt 11. febrúar 2020 af <https://jardfraedikort.ni.is/>

⁵ Haukur Jóhannesson. 220. Þættir úr jarðfræði Breiðafjarðarsvæðisins. Breiðfirðingur 44. árgangur 1986. Sótt 11. febrúar 2020 af <https://timarit.is/>

⁶ Breiðarfjarðarnefnd. 2014. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019. Sótt 11. febrúar 2020 af <https://www.stjornarradid.is/>

⁷ Haukur Jóhannesson. 220. Þættir úr jarðfræði Breiðafjarðarsvæðisins. Breiðfirðingur 44. Árgangur 1986. Sótt 11. febrúar 2020 af <https://timarit.is/>

⁸ Veðurstofa Íslands. 2020. Veðurfarskort. Sótt 20. febrúar 2020 af <https://www.vedur.is>

⁹ Veðurstofa Íslands. 2020. Veðurfarskort. Sótt 20. febrúar 2020 af <https://www.vedur.is>

¹⁰ Landbúnaðarháskóli Íslands. 2020. Kortavefsja Landbúnaðarháskóla Íslands. Jarðvegskort 2009. Sótt 12. febrúar 2020 af <http://lbhi.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=227b358de2ec4738b9d51c8e86457c0d>

¹¹ Ólafur Arnalds og Hlynur Óskarsson. 2009. Íslenskt jarðvegskort. Náttúrufræðingurinn 78 (3–4), bls. 141–153.

¹² Byggt á vistgerðakorti og gróðurkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands, Kortasjá Landbúnaðarháskóla Íslands og kortagögnum Skógræktarinnar

¹³ Breiðarfjarðarnefnd. 2014. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019. Sótt 11. febrúar 2020 af <https://www.stjornarradid.is/>

¹⁴ Breiðarfjarðarnefnd. 2014. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019. Sótt 11. febrúar 2020 af <https://www.stjornarradid.is/>

¹⁵ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2018. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030. Sótt 18. febrúar 2020 af <https://www.stjornarradid.is/>

¹⁶ Skipulagsstofnun. 2019. Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu; Loftslag, landslag, lýðheilsa. Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Sótt 17. febrúar 2020 af <https://www.landsskipulag.is>

¹⁷ Umhverfisstofnun. 2020. Náttúruminjaskrá – Vesturland. Sótt 18. febrúar 2020 af <https://www.ust.is/>

¹⁸ Vífill Karlsson. 2017. Tölfræði um Vesturland; Íbúar, fyrirtæki, vinnumarkaður og fasteignamarkaður og fleira. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Sótt 19. febrúar 2020 af <http://ssv.is/>

¹⁹ Byggt á gögnum Íbúakönnunar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og út frá störfum íbúanna óháð á hvaða landsvæðum/sveitarfélögum þau eru unnin.

²⁰ Þjóðskrá Íslands. 2020. Lögbýlaskrá 31. desember 2018. Sótt 11. febrúar 2020 af <https://www.skra.is/>

²¹ Byggðastofnun. 2016. Dreifing nautgripa á Íslandi. Sótt 11. febrúar 2020 af <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/nautgriparaekt.pdf>

²² Byggðastofnun. 2016. Dreifing sauðfjár á Íslandi. Sótt 11. febrúar 2020 af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/dreifing_saudfjarbua.pdf

²³ Sjá umsögn Skógræktarinnar um lýsingu svæðisskipulags Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030

²⁴ Sbr. Beint frá býli. <http://www.beintfrabyli.is/>

²⁵ Ferðamálastofa. 2020. Áætlaður fjöldi á svæðum og stöðum. Sótt 19. febrúar 2020 af <https://www.ferdamalastofa.is/>

²⁶ Vestfjarðarstofa. 2020. Hringvegur 2. Sótt 25. febrúar 2020 af <https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/hringvegur2>

²⁷ Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030. Dalabyggð, Reykhólahreppur og Strandabyggð.

²⁸ Orkustofnun. 2020. Kortasjá OS. Sótt 18. febrúar 2020 af <https://orkustofnun.is>

²⁹ Landsnet. 2020. Flutningskerfið. Sótt 17. febrúar 2020 af <https://www.landsnet.is>

³⁰ Rarik. 2020. Dreifikerfi-kortasjá. Sótt 19. febrúar 2020 af <https://www.rarik.is/>

³¹ Orkubú Vestfjarða. 2020. Kortasjá. Sótt 20. febrúar 2020 af <http://www.map.is/orkubu/>

³² Þjóðskrá Íslands. 2020. Þjónusta, gögn, talnaefni. Sótt 19. febrúar 2020 af <https://www.skra.is/>

³³ Eva Kristín Dal. 2008. Menningarminjar í Haukadalshreppi; Svæðisskráning fornleifa. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS406-07184

³⁴ Þóra Pétursdóttir. 2009. Menningarminjar í Hörðudalshreppi; Svæðisskráning fornleifa. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS420-07185.

³⁵ Eva Kristín Dal. 2008. Menningarminjar í Laxárdalshreppi; Svæðisskráning fornleifa. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS405-07183.

³⁶ Óskar Leifur Arnarsson. 2008. Menningarminjar í Miðdalshreppi, Dalasýslu; Svæðisskráning fornleifa. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands ses.FS396-07183.

³⁷ Sigrún Inga Garðarsdóttir og Andrea S. Harðardóttir. 2006. Menningarminjar í Saurbæjarhreppi; Svæðisskráning. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS345-06411.

³⁸ Þóra Pétursdóttir. 2008. Menningarminjar í Skógarstrandarhreppi;

Svæðisskráning fornleifa. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS-374-07282.

³⁹ Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir. 2010. Íslenskt landslag : Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni. Unnið fyrir Orkustofnun vegna Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

⁴⁰ Stjórnarráð Íslands. 220. Heimsmarkmiðin. Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Sótt 11. febrúar 2020 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/heimsmarkmidin/forgangsmarkmid-rikisstjornarinnar/>

⁴¹ Umhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006.

⁴² Stjórnarráð Íslands. (2020). Heimsmarkmiðin. Sótt 6. janúar 2020 af <http://heimsmarkmidin.is/>

⁴³ Skipulagsstofnun. (2016). Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð. Sótt 11. febrúar 2020 af <http://www.landsskipulag.is/>

⁴⁴ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2018). Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030. Fyrsta útgáfa, september 2018. Sótt 11. febrúar 2020 af <https://www.stjornarradid.is>

⁴⁵ Umhverfisráðuneytið. (2010). Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Áherslur 2010-2013. Sótt 11. febrúar 2020 af <https://www.stjornarradid.is/>

⁴⁶ Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014). Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Sótt 11. febrúar 2020 af <https://www.stjornarradid.is/>

⁴⁷ Skipulagsstofnun (2007). Leiðbeiningar um umhverfismat áætlananna. Sótt 14. janúar 2020 af <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>.